



Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

## Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku og efnisvinnslu í námum í Dalabyggð

Vegagerðin tilkynnir hér með Dalabyggð áform sín um efnisvinnslu malar slitlags í tveimur námum í Dalabyggð árið 2024. Tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda er efnisöflun vegna viðhalds á malarvegum á svæðinu.

Um er að ræða efnistöku í eftirfarandi námum:

- Vörðufell námunr. 17275**, er í landi Vörðufells. Áætluð efnistaka er 4.000m<sup>3</sup>. Að efnistöku lokinni verður námusvæðið mótað og aðlagð að umhverfinu í samráði við landeiganda. Náman er tilgreind í aðalskipulagi Dalabyggðar.
- Grund námunr. 17444**, er í landi Kjarlaksstaða. Áætluð efnistaka er 4.000 m<sup>3</sup>. Áður hefur verið unnið malar slitlag í námunni. Að efnistöku lokinni verða bakkar slegnir niður og námusvæðið mótað og aðlagð að umhverfinu í samráði við landeiganda. Náman er tilgreind í aðalskipulagi Dalabyggðar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samráði við landeigendur, sjá meðfylgjandi samninga í fylgiskjalum. Áætlaður verktími er á tímabilinu maí-september 2024.

Með bréfi þessu sækir Vegagerðin um framkvæmdaleyfi til Dalabyggðar skv. 1. mgr. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og skilmálum í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Vegagerðin óskar eftir að Dalabyggð fjalli um málið og gefi út framkvæmdaleyfi.

Frekari upplýsingar veitir Dagný Ó. Halldórsdóttir, deildarstjóri umsjónardeildar Vestursvæðis, netfang: [dagny.o.halldorsdottir@vegagerdin.is](mailto:dagny.o.halldorsdottir@vegagerdin.is)

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Dagný Ósk Halldórsdóttir

Undirskrift

Meðfylgjandi gögn:

Fylgiskjal 1 – Undirritaðir samningar við landeiganda Kjarlaksstaða

Fylgiskjal 2 – Undirritaður samningur við landeiganda Vörðufells.